



Akureyri 4. júlí 2018.

Skipulagsstjóri Akureyrarbæjar
c/o Pétur Ingi Haraldsson
Geilsagötu 9
600 Akureyri.

Varðar: Framkvæmdarleyfi vegna lengingar á Tangabryggju til suðurs.

Fyrirhugað er að ráðast í framkvæmdir við lengingu viðlegukants við Tangabryggju á Akureyri um 168 m og með lengingunni verður bryggjukanturinn í heildina 370 m langur.

Framkvæmdin fellur undir lið 13.03 í lög um mat á umhverfisáhrifum 106/2000 og er innan ramma aðalskipulags Akureyrar. Bryggjukanturinn er inn á skilgreindu hafnarsvæði og mun ekki hafa í för með sér breytingu á hafnarstarfsemi að neinu móti.

Framkvæmdin felur í sér lengingu á núverandi bryggju um 148 m til suðurs meðfram núverandi landi með 20 m breiðri steyptri þekju. Steyptr þekjan er um 3.000 m² að stærð.

Fyrirhugað er að fyllingarefni aftan stálþils verður tekið úr námu Skúta norðan Akureyrar. Hávaðamengun frá vinnu á niðurrekstrinum verður mjög takmörkuð þar sem engin íbúðarhús eru nálægt.

Engar fornminjar eru skráðar á framkvæmdarsvæðinu.


Viðlegukanturinn verður notaður fyrir viðlegu skipa og því mun hafnarstarfssemin ekki breytast með tilkomu nýs hafnarkants.

Mikil vöntun er á leguplássi fyrir stærri og minni skip og því er mikilvægt er að ráðast í lenginguna á hafnarkantinum til þess að tryggja örugga viðlegu skipa, sérstaklega flutningaskipa og skemmtiferðaskipa.

Hafnasamlag
Norðurlands
við Fiskitanga
600 Akureyri
Sími: 460 4200
Fax: 460 4209



Port of Akureyri
Fiskitanga
IS - 600 Akureyri
Iceland
Tel: +354 460 4200
Fax: +354 460 4209



Með vinsemi og virðingu.

f.h. Hafnasamlags Norðurlands bs.

Pétur Ólafsson hafnarstjóri